

ARNÞÓR HELGASON OG  
SIGTRYGGUR HELGASON

Saga  
**Skaftfellings**  
**VE 33**

~ *Ágrip*

*Ensk þýðing:* Jón Skaptason  
*Þýsk þýðing:* Martina Brogmus

*Útgefandi:*  
Sigtryggur Helgason  
Hlyngerði 12  
108 Reykjavík

*Copyright:* Arnþór Helgason og Sigtryggur Helgason 2002

## Efnisyfirlit

|   | Bls. |
|---|------|
| Formáli .....   | 5    |
| Bjarmar fyrir breyttum tímum .....                                | 7    |
| Skaftfellingar vilja eignast skip.....                            | 9    |
| Báturinn .....  | 16   |
| Skipstjóral.....  | 20   |
| Stríðsárin .....  | 21   |
| Síðustu árin .....  | 37   |
| Short history of Skaftfellingur VE 33 .....                       | 41   |
| Die Geschichte des Schiffes Skaftfellingur VE 33 Ein Abriss ..... | 49   |

*Prentun:* Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



## Tileinkun

Bók þessa tileinkum við foreldrum okkar, Guðrínu Stefánsdóttur, f. 1908 og Helga Benediktssyni, 1899–1971.



Hjónin Guðrún Stefánsdóttir og Helgi Benediktsson á hátíðarstundu við Landakirkju í Vestmannaeyjum árið 1962.

## Formáli

Að undanfögnu hefur vaknað mikill áhugi meðal Íslendinga á sögu 20. aldarinnar. Menn hafa áttað sig á að margt, sem varðveita skyldi, hefur farið forgörðum fyrir vangá okkar sem erum komin á eða yfir miðjan aldur. Skeytingarleysi Íslendinga um samtíðarsögu sína hefur orðið til þess að sögulegum minjum um 20. öldina, einkum fyrri hlutann, fer nú óðum fækkandi.

Í þessum bæklingi er rakið örstutt ágríp sögu hins merka skips, Skaftfellingar VE 33 sem þjónaði Skaftfellingum og Vestmannaeyjum um fjögurra áratuga skeið. Fátítt mun, ef ekki einsdæmi, að nokkurt skip á síðustu öld hafi jafnlengi gegnt hlutverki farþega- og flutningaskips sem Skaftfellingur, en hann hélt uppi samgöngum frá Reykjavík um Vestmannaeyjar austur í Skaftafellssýslur á árunum 1918 - 1939 og eftir það á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur fram til ársins 1959.

Auk þess var Skaftfellingur í fisk- og vöruflutningum á milli Vestmannaeyja og Fleetwood í Bretlandi öll stríðsárin og háði þá marga hildi við Ægi konung. Mesta frægðarverk áhafnar skipsins var björgun þýskra kaþbátsmanna í ágúst 1942. Þá komst Skaftfellingur einnig undan þýskum kaþbáti sem talinn var hafa skotið að skipinu nokkrum vikum eftir björgun áhafnar kaþbátsins.

Við samantekt þessa bæklingar hefur víða verið leitað fanga. Ekki er birt hér sérstök heimildaskrá heldur er öðruhverju vitnað til ákveðinnar heimildar. Þó skal geta þess að Gísli Helgason tók viðtöl við ýmsa sem voru á Skaftfellingi eða komu nálægt útgerð hans og birti þau í þremur útvarpsþáttum á árunum 1976 - 1977, en það voru þeir Andrés Gestsson, Einar Erlendsson, Einar Sveinn Jóhannesson, Jón Högnason og Páll Kristinn Maríusson. Þessir útvarpsþættir verða að teljast ein meginheimild þessa bæklingar enda kannaði Gísli ýmsar heimildir um sögu Skaftfellingar, einkum smíði hans, siglinguna heim til Íslands, þjónustu skipsins við Víkurbúa og siglingarnar í seinni heimsstyrjöldinni. Ýmislegt sem kom fram í þessum þáttum og viðtölum sem höfundar þessa ritlings tóku hefur ekki komið fram í rituðum heimildum. Þá reyndist *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga* eftir Kjartan Ólafsson (Reykjavík 1991) og *Samgöngur í Skaftafellssýslum* eftir Pál Þorsteinsson (Höfn, 1985) drjúgar heimildir auk fjölda greina í dagblöðum, tímaritum og ævisögum. Þá hafa fjölmargir frætt mig um ýmislegt og er heimildarmanna getið í samhengi við frásagnir þeirra.

Öðrum mönnum fremur vil ég þakka Sigtryggi Helgasyni einstaka natni við að safna heimildum og benda á sögumenn.

Hann útvegaði flestar myndir sem birtar eru, las prófarkir og kom með fjölmargar ábendingar um sitthvað sem snertir sögu skipsins. Vafalaust geta ýmsir fyllt upp í ýmsar eyður sem enn eru í sögu Skaftfellings. Svo óheppilega vildi til að skipsdagbækurnar fóru forgörðum um miðjan 8. áratuginn og er það óbætanlegt tjón. En leitast hefur verið við að gefa sem gleggsta mynd af sögu skipsins eftir þeim heimildum sem tiltækar eru.

Skaftfellingur var í eigu Helga Benediktssonar og afkomenda þeirra Guðrúnar Stefánsdóttur um áratuga skeið. Hann var farsælt skip sem mönnum þótti vænt um og enn er fjöldi fólks sem ber til hans hlýjar tilfinningar.

Árið 1998 var ákveðið að minnast 100 ára afmælis Helga Benediktssonar með ýmsum hætti, en hann fæddist árið 1899. Í tilefni þessa afmælis lét Sigtryggur Helgason m. a. gera líkan af Skaftfellingi eins og hann leit út á stríðsárunum 1939–1945. Smíðaði Grímur Karlsson, skipstjóri í Njarðvík, líkanið og var það afhent Byggðasafninu í Skógum undir Eyjafjöllum sumarið 2002 ásamt nokkrum myndum. Þá þótti einnig rétt að efna nokkuð til sögu Skaftfellings og því er þessi bæklingur saman tekinn.

*Seltjarnarnesi, 12. maí 2002,  
Arnþór Helgason*



*Skammdægismynd af Skaftfellingi í ofviðri og stórsjó.*

*Málverk eftir Jóhann Jónsson Listó. Gjöf Sigtryggs Helgasonar til Byggðasafnins í Skógum árið 2002.*

## Bjarmar fyrir breyttum tímum

Um miðja nítjándu öld urðu miklar framfarir í siglingatækni. Skipsskrúfan kom til sögunnar í lok 4. áratugar aldarinnar og með henni varð vélskipum unnt að sigla um heimsins höf allt árið um kring.

Íslendingar tóku að nýta vélbáta sem samgöngutæki í upphafi 10. áratugar aldarinnar, en þá gengu nokkrir gufubátar frá Reykjavík til helstu byggðarlaga við Faxaflóa og á Suðurnesjum auk þess sem tilraunir voru gerðar með vöruflutninga með gufubátum austur á Eyrarbakka og til Víkur í Mýrdal. Slíkar tilraunir voru gerðar víðar um land. Þannig sigldi lítið gufuskip, Bremnæs, á milli hafna á Austfjörðum í lok aldarinnar. En erfið hafnarskilyrði og frumstæðar samgöngur á landi ollu því að þessir gufubátar nýttust ekki sem skyldi.

### Millilandasiglingar

Eftir 1870 fóru siglingar með segl- og gufuskipum vaxandi á milli Íslands og annarra landa. Stofnun Gránufélagsins á Norðurlandi árið 1870 örvaði mjög siglingar með seglskipum milli Íslands og Danmerkur en Gránufélagið var umsvifamikið verslunarfélag á Norður- og Austurlandi. Það var upphaflega stofnað í sambandi við kaup á 60 tonna franskri fiskiskonnortu, sem nefnd var Grána. Skipið var keypt úr strandi, það var hvítmálað og hét upphaflega Emilie. Sigldu skip á vegum Gránufélagsins, m.a. á Papós, en þar var verslun á árunum 1861 - 1896 á vegum danskra kaupmanna og Gránufélagsins.

Með siglingum Sameinada gufuskipafélagsins í Kaupmannahöfn urðu miklar breytingar á skipaferðum hingað til lands. Komu gufuskip félagsins við á ýmsum höfnum landsins og urðu um leið notadrjúg til þess að flytja fólk og hvers konar varning á milli innlendra hafna. Var gerður sérstakur samningur við skipafélagið um siglingar meðfram ströndum landsins, en þessar ferðir urðu stopular og ævinlega þurfti að styrkja þær með opinberum framlögum. Ýmis svæði fóru þó varhluta af þessari þróun. Þar á meðal voru þau byggðarlög sem voru meðfram suðurströnd landsins. Þar voru hafnleysur miklar og erfitt að skipa upp vörum, samanber nafn Örafasveitar. Örafí telja ýmsir að merki „Örhæfi“, þar sem ekkert er að hafa, hafnleysa.

Árið 1842 var löggiltur verslunarstaður við Dyrhólaey og 1879 við ósa Jökulsár á Sólheimasandi. Aldrei var þó verslað þar, en formenn sem reru við Jökulsá beittu sér fyrir því að verslanir í Vestmannaeyjum sendu þangað vörur.

Í lok 19. aldar tók að myndast þorpið Vík í Mýrdal, en Vík varð löggiltur verslunarstaður árið 1887. Var þar bæði útræði og verslun. En hafnleysið háði versluninni mjög. Það kom fyrir að skip, sem áttu að fara til Víkur með vörur, fluttu þær til affermingar í Vestmannaeyjum vegna veðurs. Það var síðan undir hælinn lagt hvenær þær komust á leiðarenda.

Í upphafi 10. áratugar 19. aldar tóku menn í auknum mæli að huga að samgöngum meðfram ströndum landsins. Árið 1894 var heimilað að hluti þess fjár sem ætlaður var til gerðar sýsluvega rynni til þess að styrkja siglingar til Víkur í Mýrdal. Hinn 27. júní árið 1896 auglýsti P. Nielsen, kaupmaður á Eyrarbakka, ferð gufubátsins Odds frá Eyrarbakka til Víkur og aftur til baka á milli 27. júlí og 5. ágúst. Er það vafalítið fyrsta áætlunarferð gufubáts á milli þessara staða. Landssjóður styrkti síðan siglingar til Víkur árlega en gufuskipin fluttu póst án endurgjalds. Árið 1906 var Vík sett á skrá sem viðkomustaður strandferðaskipa á leið sinni austur um land. Heimilt var að setja farþega af í næstu höfn ef sjólag við Vík leyfði ekki flutning milli lands og skips. Þá var árið 1908 veitt heimild til þess að strandferðaskipið Hólar mætti skipa vörum og farþegum á land við Dyrhólaey ef sjólag væri vont við Vík.

Árið 1906 var Kaupfélag Skaftfellinga stofnað og fjórum árum síðar var sett á stofn sláturhús í Vík. Varð því nauðsynlegt að efla samgöngur á sjó til þess að bændur gætu betur nýtt sér þjónustuna í Vík.



Líkan af skonnortunni Grána. Smíðað af Grími Karlssyni skipstjóra í Njarðvíkum og er í eigu hans.

## Skaftfellingar vilja eignast skip

Um aldamótin 1900 var af og til farið að impra á nauðsyn þess að bæta þyrftu samgöngur á sjó við byggðarlög í Vestur-Skaftafellssýslu. Árið 1910 var haldinn fundur í Vík þar sem þetta mál var rætt fram og aftur. Sóttu fundinn bændur víðs vegar að úr sýslunni og austan úr Örfæfum. Ekkert varð þó úr framkvæmdum í bili. Þó má geta þess að í kjölfar fundarins var samgöngum við Vík komið í fastara horf en áður. Siglingum til Víkur beint frá útlöndum fjölgaði nokkuð og standferðaskipin komu þar oftar við en áður. En hafnleysið og rysjótt tíðarfar háði siglingum eins og fyrri daginn.

Árið 1913 var enn haldinn fundur í Vík þar sem þeirri hugmynd var hreyft að Víkurbúar eða Skaftfellingar þyrftu að kaupa skip. Kom þá fram sú hugmynd að keyptur yrði togari sem flytti vörur til Víkur. Yrði skipinu haldið til fiskveiða þegar ekki væri þörf fyrir það til flutninga.

Árið 1916 tók sýslunefnd Vestur-Skaftfellinga málið upp á nýjan leik og



Sigurjón Markússon sýslumaður.



Lárus Helgason Klaustri.



*Skaftfellingur austan við Ingólfshöfða 20. júlí 1931.*

*Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.*



*Áraskipið Höfrungur í fjöruborðinu með varning.*

*Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.*

*Áraskipið Höfrungur við hlið Skaftfellingu.*

*Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.*



*Útskipun á ullarbötum í áraskipið Höfrung.*

*Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.*



*Áraskipið Höfrungur í fjöruborðinu með varning.*

*Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.*



*Vöruflutningar úr fjöru.*

*Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.*



Vöruflutningar úr fjöru.

Ljósmynd í eigu ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ljósmyndari, Páll Arason.

beitti Lárus Helgason, bóndi á Kirkjubæjarklaustri, sér einna mest fyrir málinu. Urðu menn einhuga um að Skaftfellingar skyldu eignast eigin vélbát sem annaðist flutninga á vörum eftir því sem Skaftfellingum hentaði sjálfum. Gerðist Sigurjón Markússon, sýslumaður, ötull stuðningsmaður þessa máls. Lyktir fundarins urðu þær að stofna skyldi hlutafélag um smíði bátsins og tók sýslumaður að sér að safna fé vestan Mýrdalssands en Lárus sá um söfnun hlutafjár austan sandsins og í Örfæum. Skiptust hlutabréfin í þrjá flokka og voru bréfin að upphæð 25, 50 og 100 kr. Gekk söfnunin afar vel. Þegar söfnun hlutafjár var lokið voru haldnir fundir í hreppunum og kosnir menn til þess að sækja stofnfund hlutafélagsins. Örfæingar gengu um þetta leyti í Kaupfélag Skaftfellinga og fluttust viðskipti þeirra þá til Víkur. Hélt það til ársins 1965.

Sigurjón Markússon, sýslumaður Skaftfellinga, boðaði síðan til stofnfundar hlutafélags um rekstur vélbáts og var hann haldinn að Flögu í Skaftártungu 7. febrúar 1917. Komu þangað 13 fulltrúar sem kjörnir höfðu verið úr öllum hreppum sýslunnar og austan úr Örfæum. Hlaut félagið nafnið „Hlutafélagið Skaftfellingur“. Voru kjörnir 5 menn í stjórn. Formaður var Lárus á Klaustri. Samkvæmt félagslögum skyldi einn stjórnarmanna hafa aðsetur í Reykjavík og hafa á hendi útgerðarstjórn, ritstörf

og reikningshald. Var til þess kjörinn Hannes Thorarensen, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.

Samkvæmt lögum félagsins skyldi heimili þess og varnarþing vera í Reykjavík. Í 3. gr. laganna segir svo um tilgang þess:

*Tilgangur félagsins er að bæta samgöngur á sjó við Vestur-Skaftafellssýslu og Örfæi í Austur-Skaftafellssýslu, með því að reka siglingar milli hafna á Suðurlandi.*

Stofnfé félagsins var 30.225 kr. og var það umtalsvert fé á þeirra tíma mælikvarða. Stjórn félagsins var heimilt að auka hlutafé upp í 60.000 kr. og veðsetja skip félagsins fyrir þeirri upphæð.

## Skaftfellingur smíðaður

Á útmánuðum 1917 auglýsti hlutafélagið Skaftfellingur eftir skipshöfn á hið nýja skip sem verið var að smíða fyrir félagið. Forstjóri Eimskipafélagsins hafði haft milligöngu um að útvega í Danmörku vélbát til vöru- og farþegaflutninga á vegum Breiðafjarðarbátsins í Stykkishólmi. Kom það skip, Svanur SH 183, gjarnan kallað Breiðafjarðar-Svanurinn, til landsins sumarið 1916. Var skömmu síðar hafin smíði á öðrum báti til flutninga hér við land og festi hlutafélagið Skaftfellingur kaup á honum.

Jón Högnason, skipstjóri, sótti um starf skipstjóra og var ráðinn til þess að sækja skipið. Ásamt honum voru í áhöfninni Finnbogí Finnbogason, stýrimaður, Ormur Ormsson, fyrsti vélstjóri, og Elías Högnason, annar vélstjóri. Héldu þeir fjórmenningar hédan til Danmerkur með varðskipinu Íslands Falk í maí 1917.

Þegar til Troense kom, þar sem báturinn átti að vera tilbúinn, hafði einungis hluti bandanna verið reistur. Urðu þeir að bíða smíði skipsins á 10. mánuð. Yfirmiður skipsins var af færeyskum ættum, Jakobsen að nafni,



Hlutabréf í hlutafélaginu Skaftfellingur.

og hefur Jón Högnason lýst í útvarpsviðtali hversu mjög hann vandaði til smíðinnar.

Í mars árið 1918 var skipinu hleypt af stokkunum og hlaut það nafnið Skaftfellingur. Skipið var skráð í Reykjavík og hlaut ekki sérstakt skráningarnúmer fyrr en Helgi Benediktsson tók við rekstri þess. Skaftfellingur var 60 smálestir að stærð og búinn 48 hestafla Alfa-vél. Sagan segir að þegar Skaftfellingi var hleypt af stokkunum hafi ferðin verið svo mikil að þeir sem voru um borð urðu að varpa akkerum til þess að hann færi ekki yfir sundið framan við skipasmíðastöðina og ræki þar á land.

Jón Högnason og áhöfn hans sigldu Skaftfellingi þegar í stað til Kaupmannahafnar og var hann fermdur þar með ýmiss konar varningi þar á meðal efni til tunnusmíði. En vegna styrjaldarinnar var ekki hægt að fá olíu á skipið og fékkst það því ekki vátryggt fyrr en eftir 1. apríl. Það mun hafa verið skömmu eftir miðjan apríl sem Skaftfellingur sigldi áleiðis heim til Íslands, sennilega þann nítjanda. Ferðin gekk að óskum að öðru leyti en því að stýrið bilaði og varð að leita hafnar í Haugasundi í Noregi til þess að fá gert við það. Þaðan var siglt norður undir Björgvin á milli skerja og tundurduflabeltisins sem hafði verið lagt þar. Var sú sigling hin vandasamasta enda var skipaleiðin aðeins um þrígga sjómílna breið. Þess miskilnings hefur gætt að Skaftfellingur hafi verið byggður sem seglskip en svo var ekki. Hins vegar gekk skipið mjög vel undir seglum og greinir Jón Högnason frá því í ádurgreindu viðtali að Skaftfellingur hafi gengið um 10 sjómílu í góðu leiði.

Þegar norður fyrir Björgvin kom sleppti tundurduflabeltinu og var þá lagt út á opið haf. Að sögn Jóns Högnasonar var Skaftfellingur 17 daga á leiðinni frá Kaupmannahöfn til Vestmannaeyja, en þangað kom hann 6. maí 1918. Fékkst þar olía á skipið og var síðan haldið til Reykjavíkur.

Skaftfellingur var á þessum tíma sem löngum síðar fallett skip, skínandi hvítt og setti bugspjótið skemmtilegan svip á skipið. Skaftfellingur virðist hins vegar hafa verið sviptur því skömmu eftir að hann kom til landsins því að á ljósmynd sem tekin var í Reykjavík haustið 1920 eða 1921 virðist bugspjótið horfið. Stefnið var nokkuð íbjúgt enda var Skaftfellingur sérstaklega hannaður til siglinga í ís, en á þessum árum voru vikur og vogar full af íshroða á vetrum eins og Páll Kristinn Mariússon orðaði það í viðtali. Ekki er vitað til þess að Skaftfellingur hafi þurft að sigla mikið innan um ís en í eitt skipti töldu menn að lagið á stefninu hefði komið í veg fyrir skemmdir. Skaftfellingur hafði þá komið siglandi á fullri ferð inn í höfnina í Vestmannaeyjum og af einhverjum ástæðum rakst hann á Básaskersbryggjuna. Háflóð var og lyftist skipið upp á bryggjugólfið en seig síðan niður aftur. Töluðu skipasmíðir um að þetta væri einkar hentugt stefni til ásiglinga.



Jón Högnason, skipstjóri.

Ljósmynd í eigu Högna Jónssonar.



Páll Þorbjörnsson, skipstjóri.

Ljósmynd í eigu Þorbjörns Pálssonar.



Einar Sveinn Jóhannesson, skipstjóri.

Ljósmynd í eigu Brímdísar Einarsdóttur.



Páll Kristinn Mariússon, skipstjóri á Skaftfellingi 1962 - 1963.

Ljósmynd í eigu Kristjáns Sævars Kristinssonar.



# Báturinn

Í Tímanum 11. maí 1918 greinir frá því að Skaftfellingar hafi nú eignast eigið skip til vöruflutninga og er Skaftfellingi ítarlega lýst. Í þessari frétt Tímans er sagt, að skipið hafi kostað 70–80 þúsund krónur hingað komið. Þótti það tiltölulega lágt verð. Ekki finnast heimildir um komu skipsins til landsins í öðrum blöðum en Tímanum. Þegar var hafist handa við að ferma Skaftfelling og kom hann í fyrsta skipti til Víkur hinn 15. maí 1918 eða einungis 9 dögum eftir að hann kom til Vestmannaeyja frá Danmörku.

Skaftfellingur hélt síðan uppi áætlunarsiglingum austur með suðurströnd landsins. Hann flutti vörur og farþega frá Reykjavík til Vestmannaeyja, Víkur, að Skaftárósi, Hvalsíkis og tvær - þrjár ferðir fór hann austur í Óræfi á hverju ári. Margvíslegur varningur var fluttur og oft fór fjöldi farþega með Skaftfellingi, allt að 60 - 70 manns. Aðstaða fyrir farþega var engin um bord. Í lúkar skipsins voru 6 kojur og fjórar aftur í. Í frétt Tímans sem vitnað er í hér að framan kemur fram að ráðgert hafi verið að gera skýli fyrir 10 farþega á þilfari skipsins en ekkert varð úr því.



*Skaftfellingur siglir til hafnar í Vestmannaeyjum 1944.*

*Ljósmynd í eigu Sigtryggs Helgasonar. Ljósmyndari, Gísli Fr. Johnsen. Endurgerð: Johann Jónsson Listó*

Skaftfellingar fundu mjög fyrir þeim breytingum sem skipið hafði í för með sér. Var almenningi hlýtt til skipsins og var það manna á milli kallað „Báturinn“.

Fyrst voru í áhöfn Skaftfellings 4 menn, en fljótlega var þeim fjölgað og árið 1920 var 7 manna áhöfn á Skaftfellingi. Ferðirnar gátu orðið býsna slarksamar þegar veður voru misjöfn og fólksfjöldi mikill um bord.

Vegna sjólags við sandana varð Skaftfellingur iðulega að bíða dögum saman í Vestmannaeyjum eftir að fært yrði til Víkur. Sáú menn það á sjólaginu hvort fært mundi. Ef braut ekki á sunnanverðri Bjarnarey var talið fært með söndunum. Var þá brugðið við og siglt af stað. Var Skaftfellingur venjulega fjóra - fimm tíma á leiðinni til Víkur. En oft kom fyrir að sjór spilltist á leiðinni og varð þá að snúa við til Eyja. Einar Erlendsson, verslunarmaður í Vík, sagði frá því í útvarpsviðtali að eitt sinn hefði Skaftfellingur ekki komist til Víkur um 5 vikna skeið. Lá hann þá í Vestmannaeyjum og gerði tvær eða þrjár tilraunir til þess að sigla austur. Þetta dæmi sýnir að ekki var auðvelt að halda áætlun.

Skaftfellingur var í förum með fólk og flutning frá áramótum og fram í miðjan október eða þar til slátrun var lokið. Þá var honum lagt eða hann leigður til annarra flutninga. Einnig kom fyrir að hann væri leigður til flutninga á vegum annarra en Skaftfellinga að sumarlagi ef þannig stóð á.

Skaftfellingur hélt uppi áætlunarferðum til Víkur í Mýrdal um 20 ára skeið. Um miðjan fjórða áratug aldarinnar var lagður bílfær vegur allt austur á Síðu og dró þá úr þörf fyrir flutninga á sjó. Mun þá Skaftfellingur hafa verið leigður langtímum saman til annarra flutninga, en ekki hafa fundist miklar heimildir um þá.

Eins og að framan er getið var Skaftfellingur skráður með heimahöfn í Reykjavík. En 14. mars 1937 sést fyrsta dæmið um skráningu hans í Vestmannaeyjum. Ekki er skráð sérstakt númer, en kallmerki hans var skráð TFRI. Þá voru skráðir á skipið 6 skipverjar og þess getið hverjir verið hafi skipstjórar frá upphafi, en það voru Jón Högnason, Finnbogi Finnbogason og Kristján Kristjánsson, sem var með skipið á árunum 1936 - 1937. Það ár tók Ingibjartur Jónsson við Skaftfellingi og var með hann fram í september 1939. Flestir skipverjar voru þá búsettir í Reykjavík.

Um þetta leyti mun mjög hafa dregið úr verkefnum skipsins fyrir Kaupfélag Skaftfellinga enda höfðu þá landflutningar að mestu tekið við af sjóflutningum til Víkur og verslunin hafði verið flutt frá Skaftárósi að Kirkjubæjarklaustri árið 1937.

Í *Verslunarsögu Vestur-Skaftfellinga* eftir Kjartan Ólafsson segir að árin 1938 - 1939 hafi Skaftfellingur farið síðustu ferðir sínar með vörur til Víkur og austur með söndum. Þar segir að ferðir hans hafi verið auglýstar í Tímanum og Nýja dagblaðinu og samkvæmt þeim heimildum hafi hann farið einu sinni

Auglýsingar um síðustu ferðir Skaftfellings, sem farnar voru á vegum Hlutafjeldagsins Skaftfellings árið 1939



Svavar SH 183, systurskip Skaftfellings, við togarabryggjuna í Reykjavík sumarið 1920.  
Myndskeið úr kvikmyndinni *Verstöðin Ísland*.

til Víkur sumarið 1938 (í júlí) og þrisvar austur í Öræfi árið 1939. Páll Þorsteinsson greinir frá því að Skaftfellingur hafi komið þangað síðustu ferð sína 14. júlí það ár. Í fyrstu ferðinni (í maí) tók hann einnig flutning að Skaftárósi, í júní-ferðinni að Hvalssíki og í júlí að Skaftárósi og til Víkur.

Hinn 5. september sama ár tók Bjarni Benediktsson við skipstjórn á Skaftfellingi og var þá skráð að mestu leyti ný áhöfn á skipið. Áhöfnin var síðan afskráð 10 dögum síðar og er óvíst um sögu skipsins næstu mánuðina. Um sama leyti svipti Alþingi félagið ríkisstyrk til rekstrar skipsins og hefur því grundvöllur fyrir rekstri þess væntanlega brostið.

Sumarið 1940 var haldinn hluthafafundur þar sem samþykkt var að leigja eða selja vélskipið Skaftfelling þar sem „Alþingi hefði svipt félagið ríkisstyrk til reksturs þess“, eins og segir í fundargerðinni. Sumarið eftir var haldinn síðasti fundur félagsins og var þar ákveðið að ganga til slita á félaginu „þar sem skip félagsins hefur nú verið selt“. Keypti Helgi Benediktsson kaupmaður og útvegsbóndi í Vestmannaeyjum skipið. Hluthöfum var greidd inneign þeirra hjá félaginu og telur Einar Erlendsson í aðurnefndu samtali við Gísla Helgason að um helmingur upphaflegs hlutfjár hafi verið greiddur.

## Skipstjóral

|                               |           |
|-------------------------------|-----------|
| Jón Högnason                  | 1918-1919 |
| Finnbogi Finnbogason          | 1919-1935 |
| Kristján Kristjánsson         | 1936-1937 |
| Ingibjartur Jónsson           | 1938-1939 |
| Bjarni Benediktsson           | 1939      |
| Ásgeir Ásgeirsson             | 1940-1941 |
| Hallgrímur Júlíusson          | 1942      |
| Páll Þorbjörnsson             | 1942-1945 |
| Kristinn Árni Finnbogason     | 1946      |
| Brynjólfur Gunnar Guðlaugsson | 1947      |
| Helgi Bergvinsson             | 1948-1951 |
| Einar Sveinn Jóhannesson      | 1951-1954 |
| Stefán Björnsson              | 1954      |
| Edvin Jólsson                 | 1955-1957 |
| Bjarni Jónasson               | 1958-1959 |
| Jón Berg Halldórsson          | 1959      |
| Sigurður Friðriksson          | 1960      |
| Páll Kristinn Maríusson       | 1962-1963 |

### Áhöfnin á Skaftfellingi sem bjargaði áhöfn kafbátsins U-464:

Páll Þorbjörnsson, skipstjóri, Vestmannaeyjum, f. 07.10.1906.  
 Hallvarður E. Arnason, stýrimaður, Reykjavík, f. 22.12.1895.  
 Jóhann Bjarnason, 1. vélstjóri, Vestmannaeyjum, f. 16.10.1913.  
 Jón G. Hjálmarsson, 2. vélstjóri, Vestmannaeyjum, f. 30.12.1922.  
 Kristján Gíslason, matsveinn, Vestmannaeyjum, f. 16.01.1891.  
 Andrés Gestsson, háseti, Vestmannaeyjum, f. 20.07.1917.  
 Gísli R. Sigurðsson, háseti, Vestmannaeyjum, f. 16.09.1916.

## Stríðsárin

Ýmislegt bendir til þess að Skaftfellingur hafi legið verkefnalaus í Reykjavíkurhöfn frá því um miðjan september 1939 fram yfir áramótin 1940. Í Sjómannaalmanakinu frá árinu 1940 er hann enn skráður eign hlutafélagsins Skaftfellings, en það segir ekki alla söguna. Í óbirtum þætti um ævi og störf Helga Benediktssonar, sem Konráð Bjarnason, fræðimaður, skráði árið 1985 segir m. a:

*... og í byrjun september sögðu Bretar formlega Þjóðverjum stríð á hendur. Þetta hafði þá þegar margvíslegar atvinnuháttabreytingar í för með sér fyrir Íslendinga og þá ekki síst fyrir Vestmannaeyjar. Þá þegar var allur úthafs fiskiskipafloki Breta tekinn af miðunum og settur til hergagnaflutninga og annars í þágu stríðsins. Samtímis varð fullljóst að allur fiskafli Íslendinga yrði seldur til Bretlands beint úr veiðiferðum togara og með flutningaskipum frá bátafiskveiðistöðvum.*

*Stórskipið Helgi VE 333 (smíðað 1939) lá þá við bryggju alþúð þess að fylltar yrðu lestar þess af ísuðum fiski og til viðbótar í kössum á dekki og var nú*



*Helgi VE 333 og Skaftfellingur VE 33 við Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum árið 1944.  
Ljósmynd í eigu Sigtryggs Helgasonar.*

best að fá bátatrollsfisk og snurrvoðarveiddan fisk ásamt línufiski. Skipin urðu nú vegna styrjaldarástandsins að sigla á vesturströnd Englands - einkum til Fleetwood. Uppboðsverð aflans rauk upp í áður óþekktar upphæðir í pundum. Þá gleymdi ekki jafnathafnasamur maður og Helgi Benediktsson að láta skipið flytja til baka það sem mikil þörf var fyrir svo sem veiðarfæri, tóg auk vöru af ýmsu tagi. H. B. var fljótur að átta sig á gjörbreyttum aðstæðum og nú þurfti að hafa snör handtök og tefla djarft. ...

Þá gerist það einnig um áramótin 1940 að H. B. frétti að strandflutningaskip þeirra Skaftfellinga, 60 tonna eikarskip, væri komið út úr rekstri vegna vanskila og lægi í Reykjavíkurhöfn. Hann sendi þá þegar stýrimann sinn á Ms. Helga til Reykjavíkur til þess að láta á skipið með það í huga að nothæft yrði til fiskflutninga. Stýrimaðurinn, Ásgeir M. Ásgeirsson, taldi það vafalaust. H.B. gekk þá snarlega frá bankaviðskiptum varðandi kaupin á skipinu. Ásgeir kom með það til Eyja og hélt áfram sem farsæll skipstjóri á Ms. Skaftfellingi. Hann fór fyrstu ferðina til Fleetwood í endadan janúar árið 1940 og svo áfram yfir 20 ferðir með um 70 tonn af ísvörðum fiski...

Konráð mátti vel vita deili á þessum atburðum þar sem hann vann um árabíl hjá Helga Benediktssyni bæði sem netamaður og verslunarstjóri. Notaði Helgi Skaftfelling jöfnum höndum til vöruflutninga og fiskveiða. Kjartan Ólafsson greinir frá því í *Verslunarsögu Vestur-Skaftfellinga* að Skaftfellingur sé orðinn eign Helga samkvæmt veðbókarvottorði sem dagsett er 8. okt. 1940 og í Sjómannaalmanakinu 1941 er hann skráður eign hans. Í heimildum hjá sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum sést að 5. mars árið 1940 var 7 manna áhöfn skráð á Skaftfelling og var skipið þá ferðbúið með ísfiskfarm til Fleetwood. Skipstjóri var Ásgeir M. Ásgeirsson, frá Reykjavík. Aðrir skipverjar voru frá Vestmannaeyjum.

Skömmu eftir að Helgi Benediktsson keypti Skaftfelling voru gerðar á honum talsverðar breytingar. Sett var á hann nýtt og stærra stýrishús og greindi Andrés Gestsson Arnþóri Helgasyni frá því í samtali 27. júlí 2000 að innréttingar hefðu verið smíðaðar í Bretlandi og vistarverur skipverja málaðar þar í hólf og gólf. Var unnið við það í nokkrum áföngum á meðan skipið lá í höfn í Fleetwood. Þá var nýtt eldhús innréttað aftast í yfirbyggingunni og settur hvalbakur á Skaftfelling og bætti það starfsaðstöðu áhafnarinnar að mun, einkum er segl voru notuð. Samkvæmt frásögn þeirra Andrésar Gestssonar, Jóns Hjálmarssonar, Jóns Þórðarsonar og Gísla Brynjólfssonar var ráðist í þessar breytingar haustið 1940 og stóðu þær yfir fram eftir ári 1941. Tafðist skipið sáralítið vegna þeirra því að tækifærið var notað þegar skipið hafði viðdvöl í landi og breytingarnar gerðar. Þannig greindi Jón Þórðarson frá því að á meðan smíðuð var grindin af stýrishúsinu hefði verið ísað um borð í skipið og heimildir eru



Fjalar VE 333 og Frosti VE 363 urðu fyrir alvarlegri vélarbilun á sildveiðum fyrir Norðurlandi 1960. Skaftfellingur VE 33 dró þá til hafnar í Vestmannaeyjum.

Ljósmynd í eigu Sigtryggs Helgasonar.

um að Skaftfellingur hafi siglt á milli Eyja og Fleetwood með þaklaust og gluggalaust stýrishúsið. Ásgeir lét búa Skaftfelling fullkomnum seglabúnaði, þ.e. klýfi, fokku, stórsegli og mesansegli, og jók það ganghraða skipsins nokkuð auk þess sem það fór mun betur í sjó.

Árið 1943 var sett ný vél í skipið og byrðingur þess var lagfærður. Brynjólfur Einarsson, skipasmiður, sá um þetta viðhald sem fyrr og síðar eftir að Helgi Benediktsson eignaðist skipið. Hann gerði við skipið einkum að aftanverðu og endurnýjaði alla planku. Eftir að verkinu var lokið vissi hann ekki hvert ætti að leita til þess að fá einhvern til þess að slá í skipið. Páll Þorbjörnsson, sem var þá með Skaftfelling og var kallaður Palli krati, benti honum á að Jón Pálsson væri úrvals ísláttarmaður og mundi jafnvel gera þetta fyrir sig fyrir ekki neitt. Þá mælti Brynjólfur fram þessa vísu:

*Það hendir mig stundum að hugsa svo seint,  
ég held ég sé bölvaður rati.  
En hvað ég gleymdi því öldungis hreint  
að hann Jón Pálsson er krati.*



Skaftfellingur drekkhlaðinn sild árið 1940 á Siglufirði.

Ljósmynd í eigu Guðrúnar Stefánsdóttur.

Helgi Benediktsson gerði þá Skaftfelling, sem hafði hlotið einkennisstafina VE 33 og Helga VE 333 út til flutninga með ísfisk til Bretlands öll stríðsárin og munu fá íslensk skip hafa farið fleiri ferðir til Bretlands á styrjaldarárunum. Skaftfellingi hlekkist aðeins einu sinni á svo að vitað sé, en það var í endaðan apríl 1945 er hann varð fyrir vélarbilun skammt undan ströndum Skotlands. Mátti þá litlu muna að illa færi, en breskum togara tókst að koma skipinu til hjálpar og draga það til Fleetwood. Helgi tók síðan Skaftfelling í tog til Vestmannaeyja. Voru bæði skipin fullhlaðin ýmiss konar varningi og tók ferðin 7 daga.

Það gerði Helga Benediktssyni nokkuð erfitt um útgerð þessara skipa sinna að Helgi VE 333 fékkst ekki tryggður hjá Bataábyrgðafélagi Vestmannaeyja vegna stærðar sinnar. Félagið tryggði ekki stærri skip en 100 smálestir. Þegar hann tók við Skaftfellingi um áramótin 1939-40 var öllum tryggingum skipsins sagt upp hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands og neyddist því Helgi til þess að mynda eigin tryggingasjóð um Skaftfelling og Helga. Varð það til þess að áhöfn og útgerð Skaftfellingu fengu sjaldnast greidd björgunarlaun þegar hún aðstoðaði eða jafnvel bjargaði skipum úr sjávarháská.

## Skotið á Skaftfelling

Á stríðsárunum voru þrír skipstjórar með Skaftfelling, þeir Hallgrímur Júlíusson, Ásgeir M. Ásgeirsson og Páll Þorbjörnsson. Skömmu eftir að Hallgrímur Júlíusson tók við Skaftfellingi af Ásgeiri M. Ásgeirssyni var skipið að koma frá Fleetwood. Skipverjar heyrðu í útvarpinu fréttir af því að tundurdufl væri á reki á ytri höfninni í Vestmannaeyjum skammt austan við Klettsnefið.

Á meðan Bretar höfðu með höndum vörslu á Skansinum voru þeir vanir að koma um borð í skip sem komu að utan eftir að komið var inn fyrir hafnargarða. En Bandaríkjamenn, sem tóku við af Bretum árið 1941, vildu að skipin næmu staðar úti á Víkinni. Svo stóð á um borð í Skaftfellingi að stýrimaðurinn, Jón Bergur Jónsson frá Ólafshúsum, hafði veikt og bar því brýna nauðsyn til að komast sem fyrst til hafnar. Á þessum árum var innsiglingin mun grynri en nú og leið að því að tvísýnt yrði hvort Skaftfellingur flyti inn. Eftir að skipverjar höfðu lónað um stund úti á Víkinni og ekki varð séð að komið yrði til móts við þá, var siglt inn fyrir hafnargarða. Um leið og Skaftfellingur stakk stefninu inn fyrir syðri garðinn var hafin skothríf. Var því numið staðar austast í höfninni, skipinu snúið og stöðvað. Þá komu menn úr landi og gerðu skipverjum skiljanlegt að þeim bæri að halda áfram inn í höfnina. Áttu skipverjar í nokkrum erfðileikum með

að snúa Skaftfellingi á nýjan leik. Þegar bandarískir hermenn ruddust um borð kom í ljós að tundurduflið, sem áður var á minnst, hafði rekið inn á milli hafnargarðanna og lá sennilega á botninum þar sem Skaftfellingur hafði numið staðar. Er því hætt við að illa hefði farið ef Skaftfellingur hefði haldið aftur út úr höfninni. Þess má geta að dufl þetta teppti innsiglinguna til Vestmannaeyja í þrjá eða fjóra daga.

## Áhöfn þýsks kafbáts bjargað

Skömmu eftir miðnætti aðfaranótt 19. ágúst 1942 lagði Skaftfellingur úr höfn í Vestmannaeyjum áleiðis til Fleetwood. Skipstjóri var Páll Þorbjörnsson. Fátt bar til tíðinda fyrsta sólarhringinn. Vindur var austanstæður og hálfgerð bræla. Klukkan 4 eftir miðnætti að morgni 20. ágúst áttu þeir vakt, Páll Þorbjörnsson og Andrés Gestsson. Kom þá bresk eða bandarísk flugvél yfir skipið í tvígang og gaf morse-merki. Andrés lét Pál þegar vita en þeim tókst ekki að lesa úr merkjum vélarinnar. Þeim bar þó saman um að sennilega væri verið að gera áhöfninni viðvart um eitthvað.

Skömmu síðar sáu þeir framundan á stjórnborða eitthvað sem gat verið björgunarbátur með þversegli. Þó virtist þeim þegar nær dró að svo gæti ekki verið því að báturinn virtist stinga sér í ölduna. Brátt kom í ljós að um kafbát var að ræða og var turninn það sem þeim hafði virst vera segl. Kafbáturinn sigldi þvert á stefnu Skaftfellings á kulborða og veifudu skipverjar til Skaftfellingsmanna með rauðum fána. Andrési Gestssyni segist svo frá:

*Áður en hann kemur á kulborða þá sendir Páll mig niður og biður mig að ræsa strákana út. Ég fer niður og segi strákunum að þeir eigi að koma upp. En þeir héldu að það væri eitthvað verið að brasa í seglum og voru ekkert að flýta sér sérstaklega - nema þegar ég kem upp aftur er hann að komast á kul við okkur á bakborða. Þá er maður fyrir framan turninn. Þar var lítil fallbyss og okkur virðist hann vera eitthvað að fíkta við hana. Okkur fannst hálfótrúlegt að hann ferri að eyða á okkur jafndýrmætum skotum og þar væri að geyma. En við sáuum ekki hvaðan kafbáturinn var því að það var ekkert merki á honum. Nú, við lónuðum á kulborða við hann eða hringinn í kringum hann. Páll bað mig að fara fram á hvalbak og taka niður fokku sem var uppi hjá okkur. Ég gerði það og þegar ég var kominn fram á hvalbak þá komu strákarnir upp í stýrishúsið og það fyrsta sem blasti við var kafbátur. Það var náttúrulega ekki skemmtileg sjón að sjá hann við hliðina á Skaftfellingi.*

*Þegar við komumst á kul við hann sáuum við að hann hallaði á stjórnborða og dekkid framan við turninn var tætt í sundur alveg á milli borða. Okkur kom saman um að þeir vildu komast yfir til okkar um borð í Skaftfell-*



*Frá árinu 1943 stafaði kafbátur Þjóðverja mest ógn af flugvélum sem búnar voru ratsjá. Myndin er tekin úr flugvél Bandamanna sem gerði árás á kafbátinn U-848.*




*Þýski kafbáturinn U-505 var hertekinn af bandarískum sjóliðum 4. júní 1944. Að stýrjöldinni lokinni varð hann einn helsti sýningargripur Írnaðar- og vísindasafnsins í Chicago.*



*Skaftfellingur kemur með vörur til Víkur í Mýrdal í fyrsta sinn 15. maí 1918.*

*Ljósmynd í eigu Bygðasafnsins í Skógum. Endurgerð: Jóhann Jónsson Listó.*



ing. Og þá var að reyna að ná þeim yfir. Við vorum með björgunarfleka sem átti að halda uppi 10 - 12 manns sem hingu utan í honum. Hann var ekki nema metri á lengd og breidd. Svo vorum við með sporöskjulagadan fleka. Í honum var matarfordi, árar og ýmislegt fleira.

Við reyndum fyrst að láta litla flekann reka yfir í kaþbátinn og bundum við hann enda á tógrúllu sem var 120 fadma löng. En flekinn lenti framman við kaþbátinn. Þegar við fórum að keyra aðeins á til þess að fá flekann á rétta stefnu losnaði hnúturinn og flekinn var þar með laus.

Þá stakk einn upp á því að fara á sporöskjulagada flekanum á milli en hafa tógid úr Skaftfellingi í flekann. En stýrimaður bað þennan mann að nefna þetta ekki við Pál því að sá sem reyndi þetta yrði örugglega skotinn á miðri leið.

Þá fórum við á hlé við kaþbátinn og reyndum að kasta línunum yfir í hann. Við ballalögðum um það hvernig best væri að búa um línurnar, en alla vega komum við línunum yfir í bátinn en þeir virtust ekki hafa áhuga á að taka þær. Eina línuna settu þeir þó fasta á grindverk en meðan við vorum að binda saman tógid og línuna slepptu þeir henni.

En þá tóku þeir upp á þeim fjára að kasta sér í sjóinn. Fyrst fóru tveir í sjóinn og við náðum þeim strax með kastlínunum og björgunarhringjum. Páll skipaði okkur að leita á þeim. Það var þuklað á þeim eins og okkur


fannst nú rétt að gera en síðan fóru þeir að hjálpa okkur. Ég man eftir því að annar þeirra var flugmaður sem kaþbátsmenn höfðu bjargað. Hann stillti sér upp við hliðina á mér. Ég hífði mennina að en hann innbyrti. Þar með var öll leit úti hjá okkur.

Þetta gekk allvel fyrst í stað. En það fóru um 30 manns í sjóinn í einu og við köstudum bara í þvöguna og hífðum að og innbyrtum. En þegar þeir fóru að dreifast þá fór að verða erfðara um vik að andæfa nógu nærri þeim eins og við þurftum að gera og fór að verða ansi erfitt að ná þeim upp. Við urðum að tína upp einn og einn mann og það



Björgunarhringur af kaþbátinum U-464.

Ljósmynd: Björn Pálsson.



Sunderland-flugvél fer fram úr bandarískum Catalina-flugbáti. Talið er víst að hér sé um sama flugbát að ræða og skaut á þýska kaþbátinn U-464 20. ágúst 1942. Myndin er tekin í mynni Hvalfjarðar.

Ljósmynd í eigu The Imperial War Museum í Lundúnum.

gekk illa. Mestu mistökin voru þau að þeir skyldu ekki hafa band á milli sín. Þá hefði dugað að ná í einn þeirra og hífa síðan hina frá honum (Gísli Helgason: Útvarpsviðtal við Andrés Gestsson 1976).

Á meðan á björgun manna stóð flaug flugvél yfir Skaftfelling og töldu skipverjar því að öllu væri óhætt. Flugmenn þessarar vélar munu hafa sent skeyti til stjórnstöðvar bandamanna hér á landi og tilkynnt þeim að skipshöfn þýsks kaþbáts væri að hertaka Skaftfelling og mundi sennilega sigla honum til Noregs. Voru því höfð skjót handtök og bresk herskip send á vettvang. Verður vikið að því síðar.

Það tók um tvær til þrjár klukkustundir að bjarga skipbrotsmönnum. Foringi kaþbátsins og tveir menn með honum sókktu honum og stukku síðan í sjóinn. Var þeim bjargað síðustum manna.

Fjórir menn hafa greint frá þessum atburðum eftir því sem vitað er: Páll Þorbjörnsson, skipstjóri, Andrés Gestsson, háseti, Jón Hjálmarsson, annar



véltjóri og Reinhart Beier, einn af véltjórum kaþbátsins, en hann greindi frá þessari björgun í viðtali við Guðrúnu Guðlaugsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu 6. maí 1990. Ber frásögn þessara manna saman í öllum meginatriðum.

Kaþbáturinn U-464 var nýr birgðakaþbátur sem ætlaður var til þess að flytja eldsneyti og vistir til kaþbáta Þjóðverja sem voru á Norður-Atlantshafi. Var hann í fyrstu ferð sinni þegar flugmenn bandarískrar Catalina-flugvélar komu auga á hann. Gerðu þeir árás á kaþbátinn og löskuðu hann svo að hann gat ekki kafað. Hann var þá staddur um 170 sjómílar suðaustur af Íslandi, á 61°25' N. brd. og 14°40' V. lgd.

Tveir menn fórust í árásinni. Um borð í Skaftfelling björguðust 52 af áhöfn kaþbátsins. Samkvæmt því munu 54 menn hafa verið í áhöfn kaþbátsins. En á listanum yfir áhöfn bátsins eru 60 nöfn. Ekki er höfundum þessa rits kunnugt um í hverju misræmið liggur. Páll Þorbjörnsson greinir frá því í viðtali við Jökul Jakobsson í bókinni *Suðaustan fjórtán* að sér hafi verið tjáð að tveir menn hafi lokast inni í kaþbátinum þegar hann sökk og farist með honum. Að vísu dregur Reinhart Beier þessa fullyrðingu í efa. En víst er að fáir höfðu fullt yfirlit yfir það sem í raun og veru gerðist og því getur þessi staðhæfing Páls átt við full rök að styðjast.

## Skipverjar Skaftfellings afvopnaðir!

Eftir að línuveiðarinn Fróði varð fyrir árás Þjóðverja 17. mars 1941 og Reykjaborginni hafði verið sókk viku fyrr voru íslensk skip búin nokkrum vopnum. Um borð í Skaftfellingi var 5 skota riffill og 90 skota vélbyss. Páll skipstjóri bað Jóhann Bjarnason, fyrsta véltjóra, að sækja byssurnar niður í káetu og hlada þær. Gerði hann það og fór með byssurnar aftur í bestikið og lagði þær í koju skipstjórans.

Einhverju sinni þegar Andrés Gestsson átti leið upp í stýrishús varð honum litið inn í bestikið og sá þá að tveir Þjóðverjar handléku vopnin og skoduðu þau. Hugsaði hann ekki frekar út í það. Jón Hjálmarsson, annar véltjóri, sá eitthvað svipað og varð ekki um sel. Spurði hann Pál hvort hann væri ekki hræddur um að „þeir færu einhvern andskotann að gera“, en Páll bað hann að hafa engar áhyggjur og virtist hinn rólegasti.

Í frásögn sinni greinir Reinhart Beier frá því að skipverjar á Skaftfellingi hafi tekið afar vel á móti kaþbátsmönnum. Allt hafi verið gert til þess að hlúa að þeim. Hann segir að skipstjórinn hafi gefið þeim vínsopa til þess að koma í þá yl og hitað hafi verið handa þeim kaffi. Andrés segir frá því að einhverjir þeirra hafi farið niður í lúkar skipsins og reynt að kveikja upp í eldavel sem þar var. En reykrörið var bilað. Sló því reyknum niður í lúkarinn og urðu þeir



Þýskur birgðakaþbátur sömu gerðar og kaþbáturinn U-464 en áhöfn Skaftfellings bjargaði 52 mönnum úr áhöfn hans 20. ágúst 1942. Þessir kaþbátar voru kallaðir „mjólkurkúr“ og fluttu birgðir til þýska flotans á Atlantshafi. Þeir voru um 1800 smálestir.

að flýja þaðan. Hírðust sumir þeirra undir hvalbaknum, einhverjir stóðu á þilfarinu en aðrir fóru inn í stýrishúsið og bestikið á meðan enn aðrir komu sér fyrir í káetu skipsins og stiganum niður í vélarúm. Einhverjir þeirra fóru aftur í eldhúsið sem var afar lítið. Var Skaftfellingur undirlagður af þessum mikla fjölda manna og má nærri geta að þrengsli hafa verið mikil. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að bilið á milli hvalbaksins og stýrishúss er 8 metrar og þar af nær spilið tvo metra fram fyrir stýrishúsið. Sumir skipbrotsmannana voru fjarveikir, höfðu hafst við í sjónum í rúmar tvær klukkustundir og voru í raun nær dauða en lífi úr vosbúð og kulda.

Þýsku skipbrotsmennirnir voru afar vel búnir. Þeir voru í leðurstígvélum, gráum fötum og fóðrudum jökkum. Þeir voru í björgunarbeltum sem hægt var að blása upp með loftflösku sem var á hliðinni á beltinu. Einnig var hægt að blása vestin upp með munnstykki. Á beltunum voru mörg loftþétt hólf. Á hverju hólfu var ventill til þess að hleypa loftinu út. Þótt eitt hólf tæmdist var ekki hætt við að hin hólfín tæmdust.

Einnig voru Þjóðverjarnir með súrefnistæki sem áttu að þola 40 m. dýpi. Andrés lýsir þessum búnaði þannig:

*Þetta var barki sem kom upp úr kassa sem var spennur framan á manninn; beltí undir klofið og yfir um manninn og síðan blaðra aftan við hálsinn á þeim sem var með þennan búnað. Það var vel gengið frá munnstykki sem féll utan á og innan á varir. Einnig voru tappar sem féllu inn á milli tannanna. Nokkur tæki urðu eftir hjá okkur um borð þegar þeir yfirgáfu Skaftfelling. Við reyndum eitt svona tæki, vorum með það í hálf tíma við stýrið og önduðum að okkur lofti eingöngu frá því og það var ekki nærri búid af því.*

Það vakti furðu Íslendinganna að nokkrir Þjóðverjanna töluðu hrafl í íslensku og einn þeirra talaði „alveg lýtalaus íslensku“ eins og Páll Þorbjörnsson orðaði það. Hefur Jón Hjálmarsson greint frá því að sá, sem hefur sennilega verið úr þýska verslunarflotanum, hafi verið á hljóðskrafi við kokkinn eitt sinn er Jón kom aftur í eldhús að fá sér kaffisopa. Heyrði hann þá að Þjóðverjinn bað fyrir kveðju til konu í Reykjavík og nefndi bæði nafn og heimilisfang konunnar. Ekki var þessari kveðju komið á framfæri fyrr en 57 árum síðar.

## Þjóðverjarnir teknir til fanga

Eftir að björgunarstörfum var lokið hélt Skaftfellingur ferð sinni áfram á leiðis til Fleetwood. Þegar siglt hafði verið á aðra klukkustund sást til tveggja breskra tundurspilla. Var Skaftfellingi gefið stöðvunarmerki og kallað yfir til skipsins og skipstjórinn inntur eftir því á hvaða leið það væri. Páll sagðist vera á leið með ísfisk til Fleetwood. Hann greindi einnig frá fjölda þeirra sem bjargað hafði verið af kafbátum. Var honum þá skipað að snúa við og halda til Hvalfjarðar. Neitaði hann því afdráttarlaust. Var þá skotið út báti frá öðrum tundurspillinum og flutti hann Þjóðverjana frá Skaftfellingi yfir í tundurspillinn í 5 ferðum. Þótti skipverjum á Skaftfellingi aðfarir Bretanna heldur ófagrar. Að sögn þeirra virtist þeim sem Þjóðverjarnir væru látnir afklæðast þegar um borð í tundurspillinn kom og standa á þilfari hans með gular ábreiður yfir sér.

Reinhart Beier segir um þegar að þegar komið var um borð í tundurspillinn hafi Þjóðverjunum verið fengin þurr og hlý fót og reynt að hlúa að þeim eftir föngum.

Farið var með kafbátsmennina til Reykjavíkur. Ekki verður hér rakið hvað um þá varð að öðru leyti en því að þeir dvöldust í kanadískum fangabúðum um nokkurt skeið.

## Eftirmál

Áhöfn þýska kafbátsins fleygði nokkrum blikkdunkum í sjóinn áður en hún yfirgaf hann. Voru þessir kassar teknir um borð í Skaftfelling og reyndist vera í þeim alls kyns varningur svo sem ábreiður, fatnaður, sælgæti, vín og tóbak. Tók áhöfn Skaftfellingis þetta til handargagns.

Þegar sást til bresku tundurspillanna skipaði foringi kafbátsins mönnum sínum að losa sig við allt lauslegt og fleygðu þeir ýmsu í sjóinn en gáfu áhöfninni annað.

Þegar til Fleetwood kom greindi Páll Þorbjörnsson breskum yfirvöldum frá björgun þýsku áhafnarinnar. Höfðu fréttir af þessu björgunarafræki ekki borist Bretum til eyrna og var Páll umsvifalaust færður til yfirheyrslu. Breska herlögreglan hélt um borð í Skaftfelling og var allt gert upptækt sem Þjóðverjar höfðu skilið eftir. Var meira að segja skafið innan úr eldavelinni í lúkarnum.

Bretar rengdu frásögn Páls Þorbjörnssonar og töldu hann hafa óhreint mjöl í pokahorninu. En eftir talsvert stapp var honum sleppt og féllust Bretar á þá tillögu hans að hann skilaði skriflegri skýrslu um málið. Bretar skiluðu engu af því sem þeir höfðu tekið af munum úr eigu Þjóðverjanna þrátt fyrir loford þar um.

## Mannúðarverk á stríðstímum

Hinn 1. júlí 1999 var haldið boð um borð í þýsku kafbátaleitarskipi sem kom hingað til lands ásamt tveimur þýskum kafbátum. Var þá Jón Hjálmarsson, sem var annar vélstjóri á Skaftfellingi, eins og áður er á minnst, heiðraður fyrir björgun áhafnar kafbátsins U-464. Günther Hartmann, formaður Félags kafbátasjómana, kallaði björgunina „mannúðardáð,“ á tímum sem mótaðir voru af „áróðri og stríðsæsingi.“ En íslenskir sjómenn hafa aldrei haft hugann við annað en að bjarga félögum í skipsnauð hvernig sem á hefur staðið. Þótt Íslendingar misstu 380 sjómenn í árásum Þjóðverja á seinni stríðsárunum hefur það tæplega hvarflað að nokkrum skipverjanna á Skaftfellingi að hér væru fjandmenn á ferð.

## Verndarvættur

Ýmsir sjómenn sem voru á Skaftfellingi, höfðu orð á því að einhver verndarvættur væri um borð sem forðaði skipinu og áhöfn þess frá óhöppum. Ein sagan segir að um borð í Skaftfellingi séu þrír prestar sem haldi verndarhendi yfir skipinu.


Hinn 17. mars árið 1941 varð línuveiðarinn Fróði fyrir árás þýskrar flugvélar. Létust 5 skipverjar af sárnum sínum. Skaftfellingur og Fróði höfðu farið samtímis frá Vestmannaeyjum og haft samflot. En skömmu eftir að farið var frá Eyjum tók vél Skaftfellingis að hita sig svo mjög að skipið missti gang og gekk ekki nema 1 - 3 mílur á klst. Skildi því með skipunum. Í Skaftfellingi var þá 96 hestafla Alfa glóðarhausvél og gekk hann venjulega um 7 sjómílur á klst. Í þessari ferð var Ásgeir M. Ásgeirsson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson stýrimaður.

Skaftfellingur mætti Fróða um kl. 20 að kvöldi 17. mars. Blasti við skip-

verjum hörmuleg sjón: Skipið allt sundurskotið og flestir skipverjar annaðhvort látnir eða helsærðir. Ásgeir M. Ásgeirsson tók þá ákvörðun að rjúfa innsigli talstöðvar Skaftfellings og sendi skeyti um árásina. Vakti það mikinn óhug og var norskt skip sent Fróða til aðstoðar. En skipin fóru á mis og sigldi Fróði aðstoðarlaust til Vestmannaeyja.

Vegna þess hve illt var í sjóinn treystist Ásgeir ekki til þess að senda menn úr Skaftfellingi yfir í Fróða áhöfninni til aðstoðar. Skipverjar Skaftfellings aðgættu hvort kompásinn á Fróða væri rétt stilltur og sigldu um stund í humátt á eftir línuveiðaranum. En vegna vélarbilunarinnar töldu þeir að þeir myndu teyja þá Fróða-menn og sneru því aftur áleiðis til Fleetwood. Skömmu eftir að skipin skildu komst vélin í lag og Skaftfellingur gekk sem aldrei fyrr.

Einar Sveinn Jóhannesson, sem var skipstjóri á Skaftfellingi árin 1951 - 54, hefur greint frá því að í nokkur skipti hafi verið eins og stuggað við sér og hafi þá litlu mátt muna að illa færi, en Skaftfellingur hafi þá verið kominn býsna nærri landi.



